



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 04.11.2013
Tilvísun: 201310-0031

Efni: Frumvarp til laga um miðlun upplýsinga og vernd uppljóstrara, 12. mál.

Upplýsingabylting undanfarinna ára hefur leitt til þess að almenningur hér á landi og erlendis, hefur fengið nauðsynlega vitneskju um grófa misbeitingu valds ákveðinna ríkja, þá sérstaklega hvað varðar persónunjósni. Í því samhengi er vert að nefna sérstaklega mál Chelsea Manning og Edward Snowden í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Sagan kennir okkur og ofangreind dæmi sýna að ríki hafa því miður tilhneigingu til misbeitingar valds og jafnvel að snúast gegn borgurum sínum. Því felur frumvarp þetta í sér nauðsynlegan varnagla sem þó vonandi þarf ekki að notast.

Alþýðusamband Íslands telur að það eigi enginn að fara í fangelsi fyrir að segja sannleikann enda sé það lýðræðinu og borgurum alltaf til góða að hafa miklar og réttar upplýsingar. Alþýðusamband Íslands styður því í megindráttum frumvarpið og telur það fela í sér nauðsynlega réttarbót fyrir samfélagið í heild sinni sem og að sjálfsögðu fyrir starfsfólk hins opinbera.

Virðingarfyllst,

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is